

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og félagasamtökin Stelpur rokka, kt. 700112-0710, gera með sér eftirfarandi:

## **SAMSTARFSSAMNING**

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við félagasamtökin Stelpur rokka tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

### **1. gr. Starfsemi og markmið Stelpur rokka**

Markmið samtakanna Stelpur rokka er að leiðrétta kynjahalla í íslensku tónlistarlífi og verða leiðandi afl í jafnréttismiðuðu tómskundastarfi á Íslandi. Kjarni starfseminnar er rokksumarbúðir fyrir 12-16 ára stúlkur þar sem þær læra á hljóðfæri, spila í hljómsveit og semja. Verkefnið fellur vel að mannréttindastefnu borgarinnar sem m.a. kveður á um að börnum og unglingum sé veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjamynda. Samtökin hafa starfað í þrjú ár og á þeim tíma hefur rekist að vekja athygli á miklum kynjahalla í íslensku rokklífi og auka vægi kvenna í rokki. Áhersla þeirra hefur verið á konur í minnihlutahópum hvers konar, s.s. vegna uppruna, kynhneigðar, kyngervis og annarra þátta. Leiðbeinendur á vegum Stelpur rokka skulu hafa farið á fræðslunámskeið á vegum samtakanna. Unnið verður í samræmi við greinargerð Stelpur rokka dags. 15. september 2020 um markmið og forgangsatriði á árunum 2021-2023.

### **2. gr. Kynningarmál**

Á öllu kynningarefni félagasamtakanna Stelpur rokka jafnt innanlands sem utan, komi fram að verkefnið sé styrkt af Reykjavíkurborg og birta skal merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

### **3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar**

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg félagsskapnum Stelpur rokka árlega til í beinum fjárframlögum kr. 7.000.000 árin 2021, 2022 og 2023. Framlagið verði greitt með tveimur jöfnum greiðslum ár hvert, 1. febrúar og 1. júlí.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til verkefnisins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu. Stelpum rokka er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu. Stelpur rokka greiða, með hluta af framlagi, húsaleigu vegna aðstöðu í húsnæði borgarinnar í Völvufelli.

### **4. gr. Samskipti og eftirlit**

Skrifstofa ÍTR er tengiliður samningsins við Stelpur rokka. Sérstakur samráðshópur á vegum ÍTR og frístundaskrifstofu SFS mun verða starfandi. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í nóvember 2021, nóvember 2022 og í september 2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu félagasamtakanna að verkefnaáætlun fyrir komandi starfsár. Stelpur rokka skila þá greinargerð og fjárhagsuppgjöri ár hvert og áætlun um rekstur og starfsemi næsta árs.

### **5. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telji félagsskapurinn Stelpur rokka hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal ÍTR tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Stelpur rokka hafa sýnt fram á að samtökin muni standa við samningsbundnar skyldur samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

### **6. gr. Gildistími**

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt borgarráðs dags. 3. júlí 2017 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2022 og 2023. Samningurinn gildir til 31. desember 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

### **7. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Stelpur rokka

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

FSK. Greinargerð dags. 15. sept. 2020.